

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Geitdalsvirkjunar - drög að skýrslu



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2019/227

Forsíðumynd: Tóftir Geitdalskofa, horft er út Geitdal til norðausturs



© Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2019/227

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferðafræði	4
Fornleifaskráning.....	5
Samantekt	24
Heimildaskrá.....	26

Inngangur

Að beiðni Arctic Hydro gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifaskráningu í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Geitdalsárvirkjunar í Skriðdal. Tengiliður verkefnis fyrir hönd Arctic Hydro var Skírnir Sigurbjörnsson.

Svæðið sem skráð var á vettvangi sumarið 2019 og hættumat sem minjum var gefið, miðast við þær forsendur sem lágu fyrir á þeim tíma. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaaðilum er gert ráð fyrir að einhverjar breytingar geti orðið á hönnun mannvirkja og ef til þess kemur þarf að endurskoða hættumat. Á vettvangi voru skráð afmörkuð framkvæmdasvæði samkvæmt yfirlitsgögnum frá framkvæmdaraðila. Skráð var 100 m svæði út frá útmörkum miðlunar- og inntakslóns, 100 m frá miðlínu aðkomuvegar en 15 m til sitthvorrar áttar frá fyrirhuguðum jarðstreng. Þar sem ekki er endanlega búið að ákveða hönnun og legu mannvirkja/framkvæmdasvæða eru í skýrslunni hafðar með minjar sem mældar voru upp á vettvangi en liggja utan núverandi framkvæmdasvæða. Um er að ræða tóftir þriggja gangnamannakofa, mögulegra seltófta og 10 varða. Ekki eru taldar með minjar sem skráðar voru í landi Flögu og Mýra þar sem fallið hefur verið frá að leggja rafstreng um lönd þeirra jarða.

Áætlað afl virkjunarinnar er 9,9 MW. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er gert ráð fyrir um 3 km² miðlunarlóni í Leirudal með stíflu í Leirudalsá. Þaðan verður vatni veitt um botnrás niður farveg Leirudalsár og Geitdalsár. Gert er ráð fyrir 0,3 km² inntakslóni (og inntaksstíflu) sem byrjar við ármót Geitdalsár og Innri- og Ytri Sauðáa og er um kílómetri að lengd. Frá inntakslóni er gert ráð fyrir um 6,6 km langri þrýstipípu að stöðvarhúsi sem staðsett verður á vestari bakka Geitdalsár, utan við Geitdalsbæinn. Gert er ráð fyrir aðkomuvegi frá Geitdalsbænum og inn Geitdalinn að stöðvarhúsi og áfram inn að Leirdalsstíflu. Að lokum er gert ráð fyrir um 17 km löngum jarðstreng að tengivirki í landi Hryggstekkjar.¹

Skráningarsvæðið nær frá Leirudal og niður með Leirudalsá, og síðan Geitdalsá þegar kemur niður í Geitdalinn, út Geitdalinn að vestanverðu og að túnum í Geitdal. Svæðið liggur neðan

¹ Upplýsingar fengnar úr verkögnum frá verkfræðistofunni Mannviti í tölvupóstum dags. 14.06.2019 og með frekari breytingum 29.08.2019 og drögum að frumtilhögun fyrirhugaðrar Geitdalsárvirkjunar á Fljótsdalshéraði frá Arctic Hydro, dags. 28.12.2017 og greinargerðinni *Geitdalsvirkjun. Verkefnislýsing fyrir tillögu að breyttu Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Fljótsdalshérað, 2019. Alta A0597-036-U02.*

(austan) bæjar í Geitdal, með Geitdalsá út fyrir Þorvaldsstaði. Þaðan er gert ráð fyrir rafstreng sem þverar Geitdalsá um 880 m norðaustur af bæ á Þorvaldsstöðum. Eftir það liggur línán norðan við tún í landi Þingmúla, fyrst meðfram Geitdalsá að austan þar til strengurinn beygir til austurs. Þaðan liggur strengurinn yfir í land Arnhólsstaða og meðfram gamla þjóðveginum að tengivirki í landi Hryggstekkkjar. Upphaflega var gert ráð fyrir að rafstrengur yrði lagður vestan Geitdalsár, um land Flögu og Mýra, og voru minjar fyrst skráðar á þeirri leið. Í lok sumars 2019 var línuleiðinni breytt og er hún nú austan árinna.²

Alls voru þrjár vettvangsferðir farnar til að skrá ætlað framkvæmdasvæði. Geitdalur, frá Þorvaldsstöðum inn að Innri- og Ytri Sauðám, var skráður 16. og 19. júní 2019 og ætluð lega rafstrengs í landi Flögu og Mýra þann 20. júní. Önnur skráningarferð var farin í Leirudal og Búðartungur þann 12. júlí og þriðja ferðin var farin þann 12. september en þá var skráð breyting á legu rafstrengs í landi Þingmúla að tengivirki í landi Hryggstekkkjar. Um vettvangsskráningu sáu Guðný Zoëga fornleifafræðingur og Bryndís Zoëga landfræðingur. Andri Fannar Traustason og Jónas Jónasson voru leiðsögumenn og bílstjórar þegar farið var í Geitdal og upp að Leirdal og Búðartungum. Ásta Sigurðardóttir, bóndi í Þingmúla, var til aðstoðar við vettvangsskráningu í landi Þingmúla.

Verkgögn og loftmyndir komu frá verkfræðistofunni Mannviti.

Heimildamenn og landeigendur fá sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 2055

²Útmörk framkvæmdasvæðis eru skv. verkögnum frá verkfræðistofunni Mannviti úr tölvupóstum dags. 14.06.2019 og með frekari breytingum dags. 29.08.2019.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.³ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...].“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

³ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa eru kannaðar ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær gangnamannakofi í landi Geitdals raðnúmerið 5 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2055-5]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Ástand minja og hættumat er gefið upp skv. skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda við Geitdalsvirkjun (sjá nánari umfjöllun um fyrirbyggjandi framkvæmdir í inngangskafla).

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstaka minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskráning

Geitdalur- 2055-1

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta. Varðan er innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis, um 30 m neðan (austan) við fyrirhugað vegstæði og um 80 m ofan (vestan) við fyrirhugað lónsstæði (sjá yfirlitskort).

Staðhættir

Tæplega 200 m ofan Geitdalsár, um 880 m utan við ármót Sauðánnu (Innri og Ytri) og Geitdalsár og 11 km inn af bæ er varða.

Lýsing

Varðan stendur í mosavaxinni brekku. Hún er heldur óvönduð smíð, aðeins nokkrir steinar ofan á jarðföstum náttúrusteini. Hún er um 50-60 cm há.



Mynd 1. Horft er inn Geitdal til suðurs. Í baksýn sést hvar Innri- og Ytri-Sauðár mæta Geitdalsánni.



Mynd 2. Í forgrunni myndar er tóft gangamannakofa [2055-2] og í baksýn sér í vörðu [2055-4].

Geitdalur-2055-2

Sérheiti: Miðkofi

Hlutverk: Sæluhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Miðað við þau gögn sem lágu fyrir þegar skráning fór fram í júní 2019 eru minjarnar um 260 m utan framkvæmdasvæðis.

Staðhættir

Í fjallsbrekkunni um 440 m vestan Geitdalsár og rétt um 10,5 km inn af


bæ, eru tvær tóftir gangnamannakofa [2055-2 og 3] og skammt norðan þeirra er varða [2055-4]. Tóftirnar eru í gróinni aflíðandi brekku.

Lýsing

Nyrðri kofatóftin er um 5x5 m að utanmáli og hafa dyr snúið til suðausturs. Veggir eru 20-80 cm háir og rúmlega metri á breidd. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur og er efri hluti þeirra að nokkru hruninn. Tóftin er að öðru leyti gróin grasi og mosa og umhverfis hana er mosagróður. Tóftin virðist yngri en tóft [2055-3] og er líklegt að þetta sé sú sem kölluð er Miðkofi í örnefnaskrá (bls. 2).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Geitdals (bls. 2) segir: „Neðan við Sauðána ytri heitir Illligrafningur og fellur í Geitdalsá, utan við hann er Votaberg í Geitdalsárgili, hættustaður fyrir fé, sem rennur þar í hillur. Út og upp af Votabergi er leitarmannakofi, Miðkofi, nú í tótt, og utan við hann eru tvö greni, kölluð Kofagreni.“



Mynd 3. Gangnamannakofar [2055-2-3].

Geitdalur-2055-3

Hlutverk: Sæluhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Miðað við þau gögn sem lágu fyrir þegar skráning fór fram í júní 2019 eru minjarnar um 260 m utan framkvæmdasvæðis.

Staðhættir

Í fjallsbrekkunni um 440 m vestan Geitdalsár og rétt um 10,5 km inn af bæ, eru tvær tóftir gangnamannakofa [2055-2 og 3] og skammt norðan þeirra er varða [2055-4]. Tóftirnar eru í gróinni aflíðandi brekku.

Lýsing

Tóftin er rétt um 12m suður af tóft [2055-3]. Hún er 4x6 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.

Dyr hafa verið við suðausturhorn tóftar og snúið til þeirrar áttar. Tóftin er algróin grasi og mosa en sér í grjót í veggjum sem eru hrundir. Veggir eru 10-40 cm háir og rétt rúmlega metri á breidd.



Mynd 4. Varða [2055-4]. Horft er út Geitdal til norðausturs.

1x0,75 m.

Geitdalur-2055-4

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Miðað við þau gögn sem lágu fyrir þegar skráning fór fram í júní 2019 eru minjarnar um 260 m utan framkvæmdasvæðis.

Staðhættir

Í fjallsbrekkunni um 440 m vestan Geitdalsár og rétt um 10,5 km inn af bæ, eru tvær tóftir gangnamannakofa [2055-2 og 3] og á brekkubrún, skammt norðan þeirra er varða [2055-4].

Lýsing

Varðan er vel hlaðin og stendur vel, um 150 cm há. Hún er hlaðin á sléttri klöpp og er grunnmál um

Geitdalur-2055-5

Sérheiti: Geitdalskofi

Hlutverk: Sæluhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er um 12 m ofan (vestan) áætlaðs framkvæmdasvæðis 2019.

Staðhættir

Á brekkubrún utan við Illá, rétt tæpa 400 m upp (vestur) af Geitdalsá og um 8,3 m ssv af bæ í Geitdal er tóft gangnamannakofa.



Mynd 5. Vesturhlið Geitdalskofa. Hér sjást grjóthlaðnar vegghleðslur sem nú eru að nokkru grónar og þakið sem er að mestu fallið ofan í tóftina. Horft er til austurs.



Mynd 6. Hér er horft inn í kofann [2055-5] og inn undir þakið sem er hálffallið. Bárujárníð hefur hvílt á timbursperrum. Neðst til vinstri má sjá náttúrubjarg sem myndar vestur innvegg kofans. Horft er til norðurs.

Lýsing

Grjóthlaðnir veggir kofans standa ennþá sæmilega þó eitthvað hafi hleðslur riðlast til. Gaflar hafa verið úr torfi. Þakgrindin er úr timbri og á henni bárujárn sem tyrft hefur verið yfir. Hún er nú hrunin að hálfu leyti. Veggir eru 50-130 cm háir og rétt tæpur metri á breidd. Kofinn snýr nokkurn veginn norður/suður og snéru dyr til austurs. Inngangur er grjóthlaðinn og hann hefur verið yfirbyggður, þannig að timbur hefur

verið lagt ofan á hleðsluna og síðan sett bárujárn og að lokum torf þar á.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Geitdals (bls. 2) segir: „Þá er komið út að Illá. Hún kemur úr flóum neðan við Sauðahlíðavatn. Innan við hana er Illárgreni, og á brúninni utan við hana stendur nú leitarmannakofi, Geitdalskofi.“



Mynd 7. Varða [2055-6] fremst á brekkubrún. Horft er út Geitdal til nna.

Geitdalur-2055-6

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hættu. Varðan er 4 m ofan (vestan) við útmörk framkvæmdasvæðis eins og það var afmarkað 2019.

Staðhættir

Á brekkubrún utan við Illá, rétt tæpa 400 m upp (vestur) af Geitdalsá og um 8,3 km ssv af bæ í Geitdal er tóft

gangamannakofa [2055-5] og rúmlega 20 m norðan hans er varða.

Lýsing

Varðan er um 1,5x2 m að grunnmáli og um 60 cm há. Hún er frekar grjóthrúga en varða og hafi hún verið upphlaðin þá er hleðslan nú hrunin.

Geitdalur-2055-7

Hlutverk: Óþekkt, sel, beitarhús?

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru rúmlega 30 m utan (austan) ytri marka þess framkvæmdasvæðis sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019 og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda. Tóftin er aftur á móti á bakka djúps holgrafarlækjar og er í hættu vegna landbrots af hans völdum.




Mynd 8. Tóftir, mögulega af seli, syðst á Selbölum.

Staðhættir

Fast sunnan djúps holgrafalækjar syðst á svokölluðum Selbölum um 3,2 km innan bæjar og 60 m ofan og austan Geitdalsár er tóft.

Lýsing

Jarðsokknar tóftir, líklega þrískiptar. Tóftin snýr norður-suður. Vestara hólfið er líklega tvískipt, alls 16 m langt og 7 m breitt að utanmáli. Dyr hafa líklega vísað í norður. Áfast austan við er annað hólfið, um 9x5 m að utanmáli. Vegg hæð var mest um 1 m og breidd 70 cm. Tóftin var vaxin grasi og mosa.




Mynd 9. Möguleg seltóft [2055-7] syðst á Selbölum.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitir og jarðir í Múlaþingi 2, bls. 93 segir: „Beitarhús hafa aldrei á jörðinni verið, en nokkuð inni á dalnum eru fornlegar tættur á Selbölum undir Selfjalli.“ Selsins er einnig getið í örnefnaskrá Geitdals (bls. 2) þar sem segir: „Utan við Fossá eru tveir lækir, Grávíðisbalalækir og Grávíðisbali á milli þeirra neðst. Í öðrum læknum er Svartiklettur.

Þar fyrir utan er Sellækur, Selbalar og Selmýrar; þar var sel til forna, seltóttin sést.“ Óvíst er hvort að þarna er um að ræða seltóftirnar en útlit og gerð tóftanna benda til þess að svo geti verið. Tóftir og garðlag [2055-9-11] liggja norðar á grundunum og gætu verið tóftirnar sem talað er um í Sveitum og jörðum. Tóftirnar gætu einnig verið af beitarhúsum eða jafnvel rétt en þær voru mjög hlaupnar í þúfur og erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir gerð húsanna.



Mynd 10. Tóft, líklega af smalakofa [2055-8].



Mynd 11. Tóft kofa [2055-8], líklega smalakofa, syðst á Selbölum. Horft í vesturs.

Geitdalur-2055-8

Hlutverk: Óþekkt, smalakofi

Tegund: Tóft


Hættumat: Mikil hætta. Tóftin er innan útmarka þess framkvæmdasvæðis sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Kofatóft, mögulega af smalakofa, er innarlega á svokölluðum Selbölum um 3 km innan bæjar og rúmlega 120 m vestur af Geitdalsá.

Lýsing

Kofatóftin er 3x4 m að utanmáli og hafa dyr vitað í austur. Tóftin stendur á upphækkun sem bendir til endurbygginga. Hæð veggja er 30 cm og breidd 50 cm.



Mynd 12. Líklega seltóftir [2055-9-11] á Selbölum.

Geitdalur-2055-9

Hlutverk: Óþekkt, sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Tóftin er rétt austan við miðju skráningar svæðis og eru aðeins 25 m á milli hennar og núverandi vegslóða. Einungis 2 m eru milli garðs og áætlaðs nýs vegslóða.

Staðhættir

Á Selbölum innan við 10 m vestur af núverandi vegslóða inn Geitdal og um 2,7 km inn af bæ í Geitdal eru tvennar tóftir [2055-9 og 10] og garðlag [2055-11] utan um þær.

Lýsing

Tóftirnar eru nyrst innan garðsins. Vestari tóftin er tvískipt og snýr norður/suður. Hún er 7x17 m að utanmáli og hafa verið dyr á hvoru hólfi og snúið mót austri. Veggir eru 30-120 cm háir og eru þeir hæstir upp við túngarðinn til norðurs. Veggir eru algrónir grasi og mosa. Útlit tóftanna bendir til þess að þarna hafi verið sel en sjaldgæft er að finna garðlag utan um seltóftir. Því kann að vera að byggingarnar hafi haft einhvern annan tilgang.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Geitdals (bls. 2) segir: „Utan við Fossá eru tveir lækir, Grávíðisbalalækir og Grávíðisbali á milli þeirra neðst. Í öðrum læknum er Svartiklettur. Þar fyrir utan er Sellækur, Selbalar og Selmýrar; þar var sel til forna, seltóttin sést.“



Mynd 13. Neðst á myndinni er tóft [2055-10], veggirnir með gulri sinu en grænna inn í tóftinni. Horft er inn Geitdal til suðurs.

Geitdalur-2055-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Tóftin er rétt austan við miðju skráningarsvæðis og um 10 m austan áætlaðs vegar.

Staðhættir

Á Selbölum, rúmlega 10 m austur af núverandi vegslóða inn Geitdal og um 2,7 km inn af bæ í Geitdal eru tvennar tóftir [2055-9-10] og garðlag [2055-

11] utan um þær.

Lýsing

Austur af norðurenda tóftar [2055-9] er önnur tóft, minni. Hún er 5x5 m að utanmáli og hafa dyr verið á suðausturhorni. Veggir eru algrónir grasi og mosa, þeir eru 20-70 cm háir og tæplega metri á breidd.

Geitdalur-2055-11

Hlutverk: Óþekkt, túngarður, rétt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Garðlagið er rétt austan við miðju skráningarsvæðis og liggur fyrirhuguð veglína upp við garðinn að vestan.

Staðhættir

Á Selbölum, innan við 10 m vestur af núverandi vegslóða inn Geitdal og um 2,7 km inn af bæ í Geitdal eru tvennar tóftir [2055-9-10] og garðlag [2055-11] utan um þær.

Lýsing

Garðurinn er rekjanlegur í hring í kringum tóftirnar og afmarkar um 25x37 m svæði. Hann er frá 20-110 cm að hæð. Garðurinn er misbreiður, að jafnaði um 100-130 cm en yfir 2 m þar sem hann er breiðastur. Hann er algróinn grasi og mosa. Hlutverk er óvíst, ef um túngarð er að ræða er túnið fremur lítið en hugsanlega hefur tilgangurinn verið að halda skepnum inni tímabundið, t.d. til að mjólka þær.

Geitdalur-2055-12

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 90 m austan þess framkvæmdasvæðis sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram sumarið 2019.

Staðhættir

Hlaðin varða stendur sunnan svokallaðs Selbala á stórum náttúrusteini ofan bakka um 40 m upp og vestur af Geitdalsá og um 80 m austur af útmörkum framkvæmdasvæðis.

Lýsing

Varðan er heilleg, ágætlega hlaðin og um 40-50 cm há.



Mynd 14. Varða sunnan Selbala, horft til norðurs.

Geitdalur-2055-13

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Tóftin er vel innan þess framkvæmdasvæðis sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir


Tóftin liggur í brekku um 16m sunnan við brú á Sáðá, rétt rúmlega 2 km inn af Geitdalsbæ.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur, þvert á brekkuna, dyr hafa verið austast á norður langhlið. Tóftin er 3x6 m að utanmáli, veggjahæð um 30 cm og breidd veggja um 50 cm.



Mynd 15. Tóft [2055-13] í brekku sunnan Sáðár. Horft er til vesturs upp brekkuna og eru það fossar í Sáða sem sjást í baksýn.



Mynd 16. Minjar [2055-14 og 15] á grundunum sunnan Sauðár.

Geitdalur-2055-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er 40 m utan þess framkvæmdasvæðis sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Sáðá beygir til norðurs um 35 m neðan (austan) við brúna. Meðfram ánni að

austan eru gróinn gamall árfarvegur og upp af honum grónar grundir. Á grasi gróinni grund, um 50 m austur af ánni og 120 m norðaustur af brúnni yfir Sáða er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 5,5x5,5 m að utanmáli. Dyr hafa verið syðst og snúið til suðausturs. Veggir eru grónir grasi og mosa en það sér í grjóthleðslu í einu horni tóftar. Veggir eru 30-50 cm háir og um 80 cm breiðir.

Geitdalur-2055-15

Hlutverk: Óþekkt, náttúrulegt

Tegund: Dæld


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru tæplega 20 m utan þess framkvæmdasvæðis sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Sáðá beygir til norðurs um 35 m neðan (austan) við brú. Meðfram ánni að austan er gróinn gamall árfarvegur og á honum, tæplega 30 m austur af Sáða, er dæld.

Lýsing

Dældin er um 2x5,5 m að utanmáli og um 20 cm djúp. Hún snýr norðvestur-suðaustur og það virðist vera gróinn kantur utan með henni. Óvíst er hvort hér er um að ræða manngert eða náttúrulegt fyrirbæri en dældin er skráð þar sem hún skar sig að nokkru úr umhverfi sínu.



Mynd 17. Stekkjartóft [2055-16] við Sáðá.

Geitdalur-2055-16

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru tæplega 20 m innan þess framkvæmdasvæðis sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Um 45 m norðan Sáðár, um 130 m upp frá (vestur) brúnni er stekkjartóft. Tóftin er í smá dragi í aflíðandi brekku, hugsanlega gamall árfarvegur Sáðár.

Lýsing

Tóftin liggur nokkurn veginn norður-suður og er 6x11 m að utanmáli. Hún er tvískipt, að líkindum lambakró til suðurs og rétt til norðurs. Hlið hefur verið á réttinni og norðarlega á austur langvegg. Lambakróin og vesturveggur réttar hafa líklega verið gerðir þannig að grafið hefur verið í bakkann og síðan hlaðið upp við hann úr grjóti. Suðvesturhorn réttarinnar er hlaðið upp við stórt náttúrugrjót. Lambakróin er um 10-20 cm hærri en réttin og hefur mögulega verið timburþil á milli því þar er ekki veggur. Hlaðnir veggir eru til norðurs og austur að hluta og eru þeir grónir grasi, mosa og lyngi. Veggir eru 30-120 cm á hæð og um metri á breidd.



Mynd 18. Varða [2055-17] á Gildruhrauni. Horft er út Geitdal til norðurs (nna).

Geitdalur-2055-17

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar eru innan þess framkvæmdasvæðis sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Rétt um 200 m norðan Sáðár og um 100 m vestur af Geitdalsá er varða. Varðan stendur á smá klettaborg

sem nefnist Gildruhraun.

Lýsing

Varðan er ágætlega hlaðin og stendur vel. Hún er um 140 cm há og eru steinarnir í henni skófum vaxnir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Geitdals (bls. 2) segir: „Utan við Sáða er Gildruhraun, þar voru refir veiddir (klettur og varða, engar gildirur).“

Geitdalur-2055-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla, þúst

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar eru innan þess framkvæmdasvæðis sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Í mólendi, efst á eða rétt ofan við svonefnda Bala, 20 m ofan við vegslóðann inn Geitdal og um 1,5 km innan við bæ er þúst eða hleðsla.

Lýsing

Hleðslan eða þústin snýr norður-suður og er algróin grasi og mosa. Hún er um 1,5 m á lengd, 1 m á breidd og um 70 cm há.



Mynd 19. Þúst [2055-18] á eða ofan við svonefnda Bala. Guðný Zoëga fornleifafræðingur stendur við hliðina á þústinni. Horft er inn Geitdal til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Geitdals (bls. 2) segir: „Utan við Sádá er Gildruhraun, þar voru refir veiddir (klettur og varða, engar gildur). Utan við það er Krókalækur, sem kemur ofan úr Hraungarði, en fellur í Sádá neðst. Þar fyrir utan er Litlilækur og yzt Skriðulækur. Milli þeirra eru Balarnir neðst.“



Mynd 20. Á myndinni til vinstri er efra garðlagið [2055-19] og eins og sést er girt ofan á það. Á hægri myndinni er horft eftir garðlaginu til austurs niður að Geitdalsá. Þar er túnið vinstra megin en grasmói þar utan við. Í báðum tilfellum gæti verið um að ræða hleðslur undan girðingu.

Geitdalur-2055-19

Hlutverk: Túngarður, hleðsla undan girðingu

Tegund: Garðlag


Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í útjaðri framkvæmdasvæðisins sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Í túnjaðrinum, fast norðan við Bæjará eru garðlög sem gætu verið leifar af gamla túngarðinum.

Lýsing

Annað garðlagið liggur nokkurn veginn austur-vestur meðfram túninu en hitt norður-suður og rennur lækur meðfram því. Girðing liggur á báðum gördum. Þau eru skráð saman því líklegast voru þau hluti af sama túngarði. Einnig er mögulegt að þarna sé eingöngu um að ræða hleðslur undan girðingu. Garðlögin eru 40-80 cm há og mest um 130 cm breið og bæði grasi gróin.



Mynd 21. Fjárhústóft [2055-20] í túni í Geitdal.

Geitdalur-2055-20

Hlutverk: Fjárhús, hlaða?

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Minjarnar eru í útjaðri framkvæmdasvæðisins sem var til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Syðst í Geitdalstúnunum, rétt um 50 m norður af Bæjará og 150 m vestur af Geitdalsá er útihúsa-

tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er 6x20 m að utanmáli. Hún er tvískipt með kró til austurs og hlöðu til vesturs. Innangengt hefur verið á milli. Dyr hafa snúið mót austri. Tóftin hefur verið sléttuð en útlínur sjást í túninu og eru veggir rétt um 10-20 cm háir og mest um 1,5 m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Húsið er ekki sýnt á túnakorti Geitdals frá 1918-1919 og óvíst hvort að tóftin er eldri eða yngri en kortið.



Mynd 22. Horft til norðvestur yfir Múlarétt. Geitdalsá í baksýn.

Þingmúli-2055-21

Sérheiti: Múlarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft


Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru um 11 m neðan (norðan) áætlaðs jarðstrengs. Miðað er við það framkvæmdasvæði sem var til grundvallar í júní 2019.

Staðhættir

Réttin liggur neðan (norðan) undir bökkum á áreyrum sunnan Geitdalsár um 15 m sunnan árinna og 600 m norðvestan Þingmúlabbæjar.

Lýsing

Réttin liggur ssv-nna. Hún er 45 m löng og mest 19 m breið að utanmáli. Þegar réttin var skoðuð þann 20. september 2019 var mjög mikill gróður í henni og að hluta erfitt að áætla uppskiptingu



Mynd 23. Leifar Múlaréttar [2055-21] sunnan Geitdalsár.

hennar. Hún hefur þó haft tvö stærri hólfi og a.m.k. tvö minni. Hlið hafa verið inn í réttina á þremur stöðum. Suður langveggur réttarinnar er hlaðinn upp við aflíðandi bakka og suðvesturhornið er hlaðið upp við klett. Veggir standa nokkuð vel en farnir að hrynja. Þeir voru hæstir um 1,7 m og víðast um metri á þykkt. Mikið og hávaxið gras vex í og við tóftina.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Þingmúla (bls. 2) segir: „Norður af Þingmúlatúni, við Geitdalsá eru sléttar eyrar, uppgrónar, kallaðar Leirvöllur, myndar vinkil milli túns og Geitdalsár. Undan Leirvelli er Bergshylur í ánni. Þar var lögrétt fyrir Múlaafrétt, nú aflögð.“

Á uppdrætti Helga Hallgrímssonar af minjum á skógræktarsvæði í löndum Flögu og Mýra er réttin nefnd Múlarétt en það nafn er ekki að finna í örnefnaskrá.



Mynd 24. Hleðsla, mögulega kuml [2055-22] í landi Hryggstekkjar. Á vinstri mynd er horft til norðausturs en á hægri myndinni er horft beint ofan á hleðsluna.

Hryggstekkur-2055-22

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hættu. Minjarnar eru um það bil fyrir miðju framkvæmdasvæði sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Á lítt grónum mel, nyrst í landi Hryggstekkjar, um 40 m sunnan vegar að tengivirki sem er á landareigninni, og um 230 m vestur af tengivirkinu sjálfu er grjóthleðsla eða grjóthrúga.

Lýsing

Hleðslan er um 1,5x1,3 m að utanmáli og er mesta hæð um 50 cm. Gróið er yfir hleðsluna að hluta og er fuglaþúfa á toppi hennar. Hlutverk er óvíst en hugsanlega er um að ræða kuml frá heiðnum tíma.

Aðrar upplýsingar

Gulur hæll (sjá mynd 25), hefur verið rekinn í jörðina við hleðsluna og virðist vera einhverskonar merkihæll. Þess má geta að árið 1995 fannst kuml í landi Eyrarteigs sem er næsta jörð norðan Hryggstekkjar (Steinunn Kristjánsdóttir, 1995).



Mynd 25. Lítil varða [2055-23] hlaðin á steini, við veginn inn að Bjarna(r)hýði.

Þingmúli-2055-23

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru rétt innan við 10 m utan við það skráningarsvæði sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Á hálfgrónum melkolli, um 8 m norður af veginum inn í Bjarna[r]hýði er smá hleðsla á stóru náttúrugrjóti.

Lýsing

Varðan er einungis nokkrir steinar sem raðað er saman upp á stórum náttúrusteini. Hleðslan er 40-50 cm há. Steinarnir eru skófum vaxnir.

Aðrar upplýsingar

Varðan liggur við núverandi vegslóða sem liggur annarsvegar að Bjarna[r]hýði og hins vegar í átt að Hornbrynju. Aldur hennar er óviss og ekki víst hvort hún er hlaðin eftir að vegslóðinn var gerður eða hvort hún markar gömlu verslunargötunar sem lágu frá Fljótsdal í Berufjörð og voru á svipuðum slóðum (Örnefnaskrá Geitdals, 1). Engin ummerki um gömlu göturnar fundust við skráningu í júlí 2019.

Þingmúli-2055-24

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 430 m norðan við það skráningarsvæði sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Fremst á mosagrónum og grýttum mel, rúmlega 20 m vestur af veginum inn í Bjarna(r)hýði og um 560 m nna af skálanum eru tvær vörður.

Lýsing

Nyrðri varðan er um 40 cm há. Hún er að nokkru hrunin og hol að innan eins og sést á meðfylgjandi mynd. Steinarnir í vörðunni eru skófum vaxnir.

Aðrar upplýsingar

Vörðurnar liggja við núverandi vegslóða sem liggur annarsvegar að Bjarna[r]hýði og hins vegar í átt að Hornbrynju. Aldur þeirra er óviss og ekki víst hvort þær eru hlaðnar eftir að vegslóðinn var gerður eða hvort þær marka gömlu verslunargötturnar sem lágu frá Fljótsdal í Berufjörð og voru á svipuðum slóðum. Ekki sást neitt af gömlu götunum þegar skráning fór fram í júlí 2019.



Mynd 26. Vörður [2055-24] nær og [2055-25] fjær. Horft er í suður og sér glitta í skálann í Bjarna(r)hýði í baksýn.



Mynd 27. Varða [2055-25] í forgrunni og sér glitta í vörðu [2055-24] vinstra megin við hana. Horft er til nna.

Þingmúli-2055-25

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 430 m norðan við það skráningarsvæði sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Fremst á mosagrónum og grýttum mel, rúmlega 20 m vestur af veginum inn í Bjarna(r)hýði og um 560 m nna af skálanum

eru tvær vörður.

Lýsing

Syðri varðan er stæðilegri en varða [2055-24]. Hún er hlaðin úr nokkuð stóru grjóti og sést ágætlega að. Hún er um 1m á hæð og eru steinarnir í henni skófum vaxnir.



Mynd 28. Varða [2055-26] á hálfgrónum mel. Horft er til suðausturs.

Þingmúli-2055-26

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 100 m sunnan við það skráningar-svæði sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Á hálfgrónum mel, um 240 m sunnan (neðan) við vegslóðann inn í Bjarna[r]hýði.

Lýsing

Varðan er ekki stór en ágætlega hlaðin úr frekar köntuðu og fínu hleðslugrjóti.

Aðrar upplýsingar

Varðan sést ágætlega frá bíslóðanum en hún er um 240 m frá honum og líklegra er að hún hafi markað aðra leið en akstursleiðina. Hugsanlegt er að hún hafi verið við gömlu verslunarleiðina frá Fljótsdalshéraði og niður í Berufjörð, sem lá einhversstaðar á þessum slóðum. Engar götur fundust þó við skráningu í júlí 2019.



Mynd 29. Varða [2055-27] á klöpp, sunnan við Bjarna[r]hýði. Horft er til suðausturs. Í baksýn sést í Leirudalsá.

Þingmúli-2055-27

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Varðan er innan skráningarsvæðis, á klettum um 55 m suður af skálanum í Bjarna[r]hýði en ráðgert er að veglínan liggi norðan skálans.

Staðhættir

Fremst á klöpp, tæplega 60 m suður af skálanum í Bjarna[r]hýði er lítil varða.

Lýsing

Varðan er 50x80 cm að grunnmáli og 70 cm að hæð.

Þingmúli-2055-28

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru rúmlega 30 m utan (sunnan) við framkvæmdasvæðið sem lá til grundvallar þegar skráning fór fram í júní 2019.

Staðhættir

Fremst á klöpp, tæplega 125 m suður af skálanum í Bjarna[r]hýði er lítil varða.

Lýsing

Varðan er 50x50 m að grunnmáli og um 50 cm að hæð.



Mynd 30. Varða á klöpp, sunnan við Bjarna[r]hýði. Horft er til suðurs. Í baksýn sér í foss í Leirudalsá.

Samantekt

Alls voru 28 minjar skráðar á vettvangi sumarið og haustið 2019. Af 28 skráðum minjum voru 14 minjar skráðar innan afmarkaðra útmarka framkvæmdasvæða en 14 minjar voru utan svæða. Minjar sem skráðar eru innan svæðis eru flestar skráðar í mikilli hættu (sjá töflu 1) nema í þremur tilfellum þar sem minjarnar eru þannig staðsettar að ólíklegt er að þær verði fyrir skemmdum vegna framkvæmda. Komi til þess að breytingar verði gerðar á mannvirkjum og legu framkvæmdasvæða, þarf að endurskoða hættumat minja með tilliti til þess. Ekki er heldur hægt að gera tillögur að mótvægisáðgerðum fyrr en endanleg lega mannvirkja liggur fyrir.

Tafla 1. Skráðar minjar.

Nr.	Jörð	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök	Afstaða
2055-1	Skríðdalshreppur	varða	kennimark	hætta	framkvæmda	innan
2055-2	Skríðdalshreppur	tóft	sæluhús	engin hættu		utan
2055-3	Skríðdalshreppur	tóft	sæluhús	engin hættu		utan
2055-4	Skríðdalshreppur	varða	kennimark	engin hættu		utan
2055-5	Skríðdalshreppur	tóft	sæluhús	engin hættu		utan
2055-6	Skríðdalshreppur	varða	kennimark	engin hættu		utan
2055-7	Geitdalur	tóft	óþekkt, sel, beitarhús	hætta	landbrots	utan
2055-8	Geitdalur	tóft	óþekkt, smalakofi	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-9	Geitdalur	tóft	óþekkt, sel	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-10	Geitdalur	tóft	óþekkt	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-11	Geitdalur	garðlag	óþekkt, túngarður, rétt	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-12	Geitdalur	varða	kennimark	engin hættu		utan
2055-13	Geitdalur	tóft	óþekkt, kofi	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-14	Geitdalur	tóft	óþekkt	engin hættu		utan
2055-15	Geitdalur	dæld	óþekkt, náttúrulegt	engin hættu		utan
2055-16	Geitdalur	tóft	stekkur	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-17	Geitdalur	varða	kennimark	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-18	Geitdalur	hleðsla, þúst	óþekkt	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-19	Geitdalur	garðlag, hleðsla	túngarður	hætta	framkvæmda	innan
2055-20	Geitdalur	tóft	fjárhús	hætta	framkvæmda	innan
2055-21	Þingmúli	tóft	rétt	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-22	Hryggstekkur	hleðsla	óþekkt, kuml	mikil hættu	framkvæmda	innan
2055-23	Þingmúli	varða	kennimark	engin hættu		utan
2055-24	Þingmúli	varða	kennimark	engin hættu		utan
2055-25	Þingmúli	varða	kennimark	engin hættu		utan
2055-26	Þingmúli	Varða	kennimark	engin hættu		utan
2055-27	Þingmúli	Varða	kennimark	engin hættu		innan
2055-28	Þingmúli	Varða	kennimark	engin hættu		utan

Fornleifar á og við framkvæmdasvæði

Minjar í Geitdal eru hefðbundnar fyrir inndal sem nytjaður er/var frá næstliggjandi bæ eða bæjum. Þar er að finna vel varðveittar minjar, s.s. seltóftir (og mögulega beitarhús) [2055-7, 9-11], stekk [2055-16], kofatóftir [2055-8, 10, 13, 14], vörður [2055-1, 4, 6, 12, 17] og gangnamannakofa [2055-2, 3, 5] fjærst bæ. Þegar komið er inn fyrir Geitdalinn fundust aðeins vörður [2055-23-28] sem að öllum líkindum hafa markað ferðaleiðir á milli staða (hugsanlega kaupstaðaleiðina frá Fljótsdal í Berufjörð). Engin þeirra var innan svæðisins en þær eru hafðar með þar sem framkvæmdasvæðið kann að breytast. Vörðurnar eru allar í landi Þingmúla. Leifar túngarðs [2055-19] og fjárhústóft [2055-20] eru í túnjaðri í Geitdal. Þær minjar eru í jaðri skráningarsvæðis en vegna nálægðar við tún, eru þær ekki taldar í hættu vegna framkvæmda. Múlarétt [2055-21] var skráð vestan Geitdalsár, í landi Þingmúla. Hún var áður lögrétt fyrir Múlaafrétt. Hleðsla [2055-22], mögulega kuml frá heiðinni tíð, var eina fornleifin sem skráð var í landi Hryggstekkjjar.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Geitdalsvirkjun. Verkefnislýsing fyrir tillögu að breyttu Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Fljótsdalshérað, 2019. Alta A0597-036-U02.

Steinunn Kristjánsdóttir (1995). Þórisárkumlið. *Glettingur* 2, bls. 25-31.

Sveitir og jarðir í Múlapingi. 2. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands, 1975.

Örnefnaskrár

Geitdalur. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Þingmúli. Örnefnastofnun Íslands.

Uppdrættir


Helgi Hallgrímsson. Uppdráttur af Skógræktarjörðum á Héraði: Flaga.

Fylgiskjöl


Hnitaskrá - 2055


Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	X	Y
2055-1	Skriðdalshreppur		varða	kennimark	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	699151.64	495312.74
2055-2	Skriðdalshreppur	Miðkofi	tóft	sæluhús	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		700026.82	496506.40
2055-3	Skriðdalshreppur		tóft	sæluhús	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		700025.86	496487.77
2055-4	Skriðdalshreppur		varða	kennimark	1700	1950	heilleg	engin hætta		700019.75	496533.89
2055-5	Skriðdalshreppur	Geitdalskofi	tóft	sæluhús	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		701055.09	498369.65
2055-6	Skriðdalshreppur		varða	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta		701064.65	498397.30
2055-7	Geitdalur		tóft	óþekkt, sel, beitarhús	1500	1900	vel greinanleg	hætta	landbrot	702582.94	503356.13
2055-8	Geitdalur		tóft	óþekkt, smalakofi	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	702534.50	503599.72
2055-9	Geitdalur		tóft	óþekkt, sel, beitarhús	1000	1800	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	702541.02	503798.07
2055-10	Geitdalur		tóft	óþekkt	1000	1300	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	702547.86	503799.60
2055-11	Geitdalur		garðlag	óþekkt, túngarður, rétt	1000	1700	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	702556.44	503789.06
2055-12	Geitdalur		varða	kennimark	1600	1900	heilleg	engin hætta		702600.70	503267.68
2055-13	Geitdalur		tóft	óþekkt, kofi	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	702758.42	504412.95
2055-14	Geitdalur		tóft	óþekkt	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		702883.87	504487.72
2055-15	Geitdalur		dæld	óþekkt, náttúrulegt	800	1900	greinanleg	engin hætta		702855.47	504478.37
2055-16	Geitdalur		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	702639.10	504437.71
2055-17	Geitdalur		varða	kennimark	1000	1930	heilleg	mikil hætta	framkvæmdir	702748.37	504633.75
2055-18	Geitdalur		hleðsla, þúst	óþekkt	800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	702796.68	504988.60
2055-19	Geitdalur		garðlag, hleðsla	túngarður	1700	1980	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	703005.55	505844.20
2055-20	Geitdalur		tóft	fjárhús	1850	1950	illgreinanleg	hætta	framkvæmdir	703118.18	505852.21
2055-21	Þingmúli	Múlarétt	tóft	rétt	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	705764.66	511592.36
2055-22	Hryggstekkur		hleðsla	óþekkt, kuml	800	1100	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	708097.84	513496.80
2055-23	Þingmúli		varða	kennimark	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		696718.84	489543.51
2055-24	Þingmúli		varða	kennimark	800	1900	greinanleg	engin hætta		696505.90	489968.95
2055-25	Þingmúli		varða	kennimark	800	1900	heilleg	engin hætta		696504.61	489964.38
2055-26	Þingmúli		varða	kennimark	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		696969.13	489235.49
2055-27	Þingmúli		varða	kennimark	800	1900	heilleg	engin hætta		696348.72	489362.29
2055-28	Þingmúli		varða	kennimark	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		696342.35	489293.67

Yfirlitsmynd 1




Yfirlitsmynd 2



 Framkvæmdasvæði

0 250 500 750 1000
m

Yfirlitsmynd 3



N



Yfirlitsmynd 4

